Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til Bæjarráðs

Kópavogi, 5. desember 2022
2212113/511.00 ÁAK

Efni: Tillaga að kaupum að fasteiginni Digranesvegi 5

Bæjarstjóri óskaði með bréfi dags. 24. mars sk, eftir viðræðum við Fjármála- og efnahagsráðuneytið um kaup á Digranesvegi 5, til að greiða fyrir uppbyggingu á grundvelli breyttu deiliskipulagi á miðbæjarsvæðinu.

Digranesvegur 5 er skrifstofuhúsnæði 2,459 fm að stærð á fjórum hæðum og kjallara. Húsið hýsti Ráðgjafa- og greiningarstöð og hýsir enn Hljóðbókasafn Íslands á jarðhæð. Lóðin er 703 fm. Lóðarleigusamningur er til 50 ára og er upphafs dagsetning hans 1. janúar 1979.

Fasteignamat hússins 2022 er kr. 538.050.000, fasteignamat næsta árs verður kr. 624.400.000

Ástand húsnæðisins í dag er ekki gott. Starfsemi sem var í húsinu flutti út vegna þrálátrar myglu, sjáanlegar steypuskemmdir eru á hluta þess, gluggar óþéttir og kominn tími á að skipta um gler.

Efnahags- og fjármálaráðuneytið hefur látið vinna tvö verðmöt á fasteigninni. Annað verðmatið er unnið af Eignamiðlun og hljóðar uppá kr. 680.000.000. Seinna matið, unnið af Jöfur, byggir á því að húsið sé miðað við ásigkomulag í raun fokhelt. Niðurstaða þess verðmats er kr. 585.000.000.

Mikilvægt er að Kópavogsbær eignist húsið og fái aftur umráðarétt lóðarinnar vegna þeirrar uppbyggingar sem er að eiga sér stað á svæðinu.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 með viðaukum er gert ráð fyrir stofnfjárfestingum að fjárhæð samtals kr. 6.149,9 milljónir hjá samstæðu Kópavogsbæjar. Útkomuspá fyrir stofnfjárfestingar ársins 2022, sem unnin var í ágúst 2022, gerir ráð fyrir að að samtals verði ráðstafað kr. 3.514 milljónum til fjárfestinga á árinu, þannig að mismunur er kr. 2.635,9 milljónir. Unnt væri að ráðstafa hluta af framangreindum fjármunum sem er óráðstafað til kaupa á Digranesvegi 5.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Undirritaðar óska eftir heimild til þess að ganga til samninga við ráðuneytið um kaup á fasteigninni á grundvelli verðmats fasteignasölunnar Jöfurs.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissvið

Ása A Kristjánsdóttir
Bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026